

VATNAÁÆTLUN 2022 - 2027


VATNIÐ OKKAR

Fundur með
verkefnisstjórn
rammaáætlunar

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Verkefnastjóri

Yfirlit

- Hvert er verkefnið?
- Hver er staðan?
 - vatnaáætlun
 - aðgerðir
 - vöktun
- Hvar þurfum við að tala meira saman – tengsl áætlana?
- Áframhaldið




BRÁÐABIRGÐAYFIRLIT
VATNAÁÆTLUNAR

Hvert er verkefnið?

- Nýtt stjórnkerfi sem miðar að vernd íslenskrar vatnsauðlindar til framtíðar
- Heildstætt og metnaðarfullt kerfi sem miðar að þátttöku alls samfélagsins – vatnið er alls staðar!
- Kortlagning, flokkun, greining á ástandi, uppbygging ástandsflokkunarkerfis, vöktun, aðgerðir og stefnumótun.
- Fyrsta álagsgreining vatnshlota var sett fram í skýrslu Umhverfisstofnunar árið 2013 ([Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands](#))
- Vatnshlot ýmist flokkuð:
 - ekki í hættu
 - óvissu
 - í hættu

Markmiðið er að allt vatn skal vera í góðu eða mjög góðu ástandi




*Stöðuskýrsla fyrir
vatnasvæði Íslands*

*Skipting vatns í vatnshlot og mat á
helsta álagi af starfsemi manna á vatn*

Hvert er verkefnið?

- Frumvinnan við innleiðingu stjórnar vatnamála felur í sér að þekkja náttúrulega eiginleika vatns á Íslandi og meta ástand þess út frá því álagi sem er til staðar. Ef álag á vatn veldur því að vatnið nær ekki í góðu ástandi þá þarf að fara í aðgerðir til að endurheimta það.
- Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns og skal ástand þeirra metið út frá ástandi vistkerfisins.
- Til þess að hægt sé að greina ástand vatns í þessum mismunandi hópum þarf að afmarka vatnið í samanburðarhæfar einingar. Innan kerfis stjórnar vatnamála kallast þessar einingar *vatnshlot*, en hvert þeirra fær tiltekið raðnúmer. Því næst eru þessir hópar vatns flokkaðir í gerðir eftir eiginleikum þeirra. Ólíkt yfirborðsvatni er grunnvatn ekki greint í gerðir.



Hvert er verkefnið?

Stöðuvötn		Straumvötn		Strandsjór	
Svifþörungar	Blaðgræna a	Botnþörungar	Blaðgræna a á steinum	Svifþörungar	Blaðgræna a
Hryggleysingar	Tegundafjölbreytileiki, tegundasamsetning og fjöldi botnlægra hryggleysingja í strandbelti	Hryggleysingar	Tegundasamsetning, tegundafjölbreytileiki og fjöldi botnlægra hryggleysingja. Tegundasamsetning rykmýs út frá greiningum á púpuhömum	Hryggleysingar	Tegundafjöldi og fjölbreytileiki hryggleysingja á mjúkum botni
Vatnablöntur	Tegundasamsetning	-	-	Vatnablöntur	Tegundasamsetning og þekja botnþörungna
Eðlisefnafræði	Sýrustig (pH)	Eðlisefnafræði	Sýrustig (pH)	Eðlisefnafræði	Næringarefni (vetrarstyrkur)
	Styrkur súrefnis		Styrkur súrefnis		Nítur (NO ₃)
	Basavirkni		Basavirkni		Fosfór (PO ₄)
	Leiðni		Leiðni		Kísill (SiO ₂)
	Sjónkýpi		Sjónkýpi		
	Næringarefni (vetrarstyrkur)		Næringarefni (vetrarstyrkur)		
	NO ₃		NO ₃		
	NH ₄		NH ₄		
	Total-N		Total-N		
	Total-P		Total-P		
	PO ₄		PO ₄		

Flokkar ástands			Umhverfis-markmið
Vistfræðilegt ástand ¹⁾	Efnafræðilegt ástand ²⁾	Magnstaða ³⁾	
Yfirborðs- vatnshlot	Yfirborðs- og grunnvatnshlot	Grunnvatnshlot	
Mjög gott			Náð
Gott	Gott	Góð	
Ekki viðunandi	Nær ekki góðu efnafræðilegu ástandi	Slök	Ekki náð
Slakt			
Lélegt			

- 1) Líffræðilegir, vatnsformfræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðapættir.
 2) Umhverfismörk fyrir forgangsefni.
 3) Staða grunnvatnsborðs.

Líffræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðapættir í stöðuvötnum, straumvötnum og í strandsjó sem notaðir eru til að meta vistfræðilegt ástand vatnshlota í fyrsta vatnahring.

Vatnaáætlun

Stefnumörkun um verndun vatnsauðlindarinnar og sjálfbæra nýtingu

Ekki nóg að tala bara um besta vatn í heimi

Fáum samanburð við önnur lönd

Vinnur með grænu hagkerfi, fyrirtæki geti sýnt fram á heilnæmi viðtaka

Samþætting stjórnsýslu og aukin yfirsýn

Mikið samstarf og samráð innbyggt í lögin

Samræming vöktunar á landsvísu og *Polluter Pays principle* er innleitt í gegnum starfsleyfi þeirra sem leggja álag á vatnsauðlindina



Vatnaáætlun

Farið yfir vinnuna sem unnin hefur verið á tímabilinu

Uppbygging kerfisins

Álagsgreining og helstu flokkar álags (fráveita, þéttbýli, fiskeldi, iðnaður, landbúnaður, vatnsformfræði, vatnstaka)

Markmiðasetning

Leiðir að markmiðunum í gegnum vöktun og aðgerðir

Tengsl áætlunarinnar við aðrar áætlanir og markmið eins og skipulagsáætlanir, aðrar áætlanir á vegum ríkisins og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Næstu skref

Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun lýsir því hvernig við ætlum að halda vatni á Íslandi í góðu ástandi

Aðgerðirnar eru 60 talsins og skiptast í 6 málaflokka

Unnið er með svokallaðar grunnráðstafanir og viðbótarráðstafanir. Meirihluti aðgerða nú eru grunnráðstafanir

Umfangsmestu aðgerðirnar snúa að fráveituframkvæmdum sveitarfélaganna og innleiðingu á verkþáttum vatnatilskipunar.

Aðgerðaáætlun

Fráveitumál. Þéttbýli uppfylli kröfur um skólphreinsun.

Vatnshlot í hættu. Vinna þarf greiningar og móta mótvægisáðgerðir í þeim vatnshlotum sem skilgreind hafa verið *í hættu*.

Innleiðing verkbátta stjórnar vatnamála. Í því felst að styrkja áframhaldandi vinnu við innleiðingu laganna t.a.m. frekari uppbygging ástandsflokkunarkerfis, gagnaöflun og greining á álagi.

Vöktun vatnshlota. Koma þarf af stað reglulegri vöktun til að fylgjast með ástandi vatnshlota.

Fræðsla og leiðbeiningar. Auka meðvitund almennings og fyrirtækja um góða umgengni við vatnsauðlindina t.d. hvað varðar fráveitur, lyfjaleifar og efnanotkun.

Stjórnsýsla. Innleiðing reglugerða er varða vatn verði tryggð og að kröfur löggjafar um stjórn vatnamála verði innleiddar í starfsleyfi og eftirlit með fyrirtækjum og starfsemi sem veldur álagi á vatnsauðlindina.

Í aðgerðaáætlun hefur Umhverfisstofnun sett fram tillögur að aðgerðum í samræmi við ákvæði viðkomandi laga og reglugerða. Í einhverjum tilfellum eru aðgerðirnar nokkuð skýrar og þegar hefur verið hægt að staðfesta þær í samráði við þá aðila sem að þeim koma. Í einhverjum tilfellum hefur sú vinna ekki farið fram. Næstu sex mánuði á meðan vatnaáætlun verður í samráðsferli verður því unnið frekar að mótun þeirra aðgerða sem enn leikur vafi á um með viðeigandi aðilum

Aðgerðaáætlun

Fráveitumál

Tafla 1: Yfirlit yfir aðgerðir er snúa að fráveitumálum

Grunnrétt Viðbót	Aðgerð	Hvað þarf að gera?	Ábyrgð	Hvenær
G	Hvolsvöllur – hreinsun fráveituvatns ADGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	1. Framkvæma eftirlitsmælingar á fráveituvatni skv. reglugerð um fráveitur og skólp (12 mælingar). 2. sveitarfélagið setji fram úrbótaáætlun fyrir fráveitu (ef þarf). 3. Tveggja þrepa hreinsun uppfylli ákvæði regl. um fráveitur og skólp.	Sveitarfélagið Rangárþing Eystra	1. Eftirlitsmælingar framkvæmdar árlega 2021- 2027 2. 2022 3. 2027
G	Hella – hreinsun fráveituvatns ADGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	1. Framkvæma eftirlitsmælingar á fráveituvatni skv. reglugerð um fráveitur og skólp (12 mælingar). 2. Skera úr um hvort hreinsun uppfylli kröfur um eins þreps hreinsun. Skoða hvort hægt er að auka hreinsun frá fyrirtækjum í matvælaíðnaði. 3. ný tillaga: sveitarfélagið setji fram úrbótaáætlun fyrir fráveitu. 4. Skipuleggja fulla tveggja þrepa hreinsun.	Sveitarfélagið Rangárþing Ytra	1. Eftirlitsmælingar framkvæmdar árlega 2021- 2027 2. 2022 3. 2022 4. Skipuleggja aukna hreinsun
G	Selfoss – hreinsun fráveituvatns ADGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	Sett verði upp tveggja þrepa hreinsun (dælu- og hreinsistöð) fyrir þéttbýli sunnan megin ár.	Sveitarfélagið Árborg	Hreinsistöð komin í fulla virkni 2023.
G	Ísafjörður – hreinsun fráveituvatns ADGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	Koma upp viðunandi hreinsun í þéttbýlinu Ísafirði í samræmi við regl. nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	Ísafjarðarbær	í vinnslu

G	Akureyri – hreinsun fráveituvatns ADGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	ATH eru komnir með hreinsun eins og RVK í dag. Setja inn aðgerð ef ný regl. kemur út fyrir des?	Akureyrarbær	í vinnslu
G	Egilsstaðir – hreinsun fráveituvatns ADGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	Allt skólp frá Egilsstöðum fari í eina tveggja þrepa hreinsistöð.	Sveitarfélagið Múlaþing	
G	Höfn í Hornafirði – hreinsun fráveituvatns ADGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	1. Færa útrásir úr Skarðsfirði í Hornafjörð, tengja fráveitukerfi við hreinsistöð með grófhreinsun. 2. Gerð verði úttekt á losun fráveituvatns frá iðnaði á hafnarsvæðum. 3. Leggja til að viðtakinn Hornafjörður verði skilgreindur síður viðkvæmur 4. Full eins þreps hreinsun að því gefnu að viðtaki verði skilgreindur síður viðkvæmur.	Sveitarfélagið Hornafjörður	Tengja skólp frá öllu þéttbýlinu í hreinsistöð fyrir lok árs 2023.
G	Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun fyrir fráveitur	Umhverfisstofnun vinni leiðbeiningar í samráði við heilbrigðisnefndir um eftirlitsmælingar og vöktun til samræmingar á eftirliti um allt land.	Umhverfisstofnun	2021

Aðgerðaáætlun

Fráveitumál

G	Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fráveitur	Gera samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fráveitur miðað við mismunandi kröfur um hreinsun. Til fyrir ítarlega hreinsun.	Umhverfisstofnun	2021
G	Forgangsröðun fráveituframkvæmda.	Umhverfisstofnun í samstarfi við heilbrigðisnefndir geri forgangsröðun fyrir fráveituframkvæmdir. Markmiðið að þéttbýli uppfylli kröfur regl. um fráveitur og skólp fyrir 2030.	Umhverfisstofnun	2021-2022
	Eftirfylgni forgangsröðunar fráveituframkvæmda.	Eftirfylgni í samræmi við forgangsröðun þar sem óskað er eftir áætlunum um úrbætur sveitarfélaga í fráveituframkvæmdum.	Heilbrigðisnefndir	2022
V	Kynning á kröfum nýrrar reglugerðar um fráveitur og skólp.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samstarfi við Umhverfisstofnun haldi kynningu á kröfum reglugerðar um fráveitur og skólp.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	2021
V	Námskeið um eftirlitsmælingar	Umhverfisstofnun kynni leiðbeiningar um eftirlitsmælingar á fráveituvatni fyrir viðeigandi aðila.	Umhverfisstofnun	2021
G	Núgildandi starfsleyfi fyrir fráveitur verði uppfærð	Núgildandi starfsleyfi verði uppfærð í samræmi við leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun.	Heilbrigðisnefndir	í vinnslu
G	Ný starfsleyfi fyrir fráveitur	Heilbrigðisnefndir í samvinnu við Umhverfisstofnun setji starfsleyfi fyrir starfsleyfislausar fráveitur með kröfum í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp og leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun.	Heilbrigðisnefndir	í vinnslu

G	Upplýsingar um skólplosun á vatnasviði Þingvallavatns	Uppfylla reglugerð nr. 449/2009 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns	Heilbrigðisnefnd Suðurlands	2020
G	Koma fráveitumálum í ásættanlegt horf – Þingvallavatn	Uppfylla reglugerð nr. 449/2009 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.	Sveitarfélag/ sumarhúsa-byggð/ Heilbrigðisnefnd Suðurlands	2022-2028
G	Verklag við flokkun viðkvæmra svæða	Unnið verður að viðmiðum til flokkunar á viðkvæmum svæðum til að uppfylla reglugerð um fráveitur og skólp.	Umhverfisstofnun	2021
G	Flokkun viðkvæmra svæða	Svæði flokkuð og skilgreind sem viðkvæm til að uppfylla reglugerð um fráveitur og skólp.	Umhverfisstofnun	2022
G	Flokkun svæða í síður viðkvæm svæði	Unnar verða leiðbeiningar vegna vinnu við flokkun síður viðkvæmra svæða sem nýttar verða sem viðmið fyrir sveitarfélög til flokkunar.	Umhverfisstofnun	2021
	Leiðbeiningar fyrir minni fráveitur	Unnar verða leiðbeiningar fyrir minni fráveitur.	Umhverfisstofnun	2021

Aðgerðaáætlun

Vatnshlot í hættu

Tafla 2: Yfirlit yfir aðgerðir er snúa að vatnshlotum í hættu

	Aðgerð	Hvað þarf að gera	Ábyrgð	Umhverfismarkmið	Hvenær
V	Tjörnin mótvægisáðgerðir greining	Greining á hvaðan álagið er að koma og hvort hægt sé að grípa til mótvægisáðgerða til að bæta ástand Tjarnarinnar.	Reykjavíkurborg	Úr slæmu ástandi í gott (eða úr slæmu vistmegni í gott)	2020
V	Tjörnin mótvægisáðgerðir AÐGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	Framhald greiningar á uppruna og mótvægisáðgerðum. Aðgerð verði útfærð og framkvæmd þegar greining liggur fyrir.	Reykjavíkurborg	Úr slæmu ástandi í gott (eða úr slæmu vistmegni í gott)	2022-2028
V	Tjörnin aðgerðavöktun	Vöktunaráætlun. Staðfesta ástand með aðgerðavöktun	Reykjavíkurborg	Úr slæmu ástandi í gott (eða úr slæmu vistmegni í gott)	2022-2028
V	Rosmhvalanes 2 vöktun	Greining á vöktunarstöðum	Umhverfisstofnun	Staðfesting á ástandi	2020
V	Rosmhvalanes 2 Afisingaryökkvi í Keflavík og á Reykjavíkflugvelli AÐGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	Greining á ástandi og hugsanlegar aðgerðir. Unnið verður að því að rekja uppruna efna sem mögulega koma frá flugvöllum.	ISAVIA	Staðfesting á ástandi	2021
V	Rosmhvalanes 2 Afisingaryökkvi í Keflavík og á Reykjavíkflugvelli AÐGERÐ SETT FRAM MEÐ FYRIRVARA	Aðgerðir verði framkvæmdar í samræmi við niðurstöður greiningar.	ISAVIA	Staðfesting á ástandi	2021-2028

Aðgerðaáætlun

Innleiðing verkþátta stjórnar vatnamála

Tafla 3: Yfirlit yfir aðgerðir er snúa að innleiðingu verkþátta undir stjórn vatnamála.

	Aðgerð	Hvað þarf að gera	Ábyrgð	Umhverfismarkmið	Hvenær
G	Vinnsla og framsetning upplýsinga fyrir almenning	Tölulegar upplýsingar um vatnshlot vegna áætlanagerðar, upplýsingar úr vefgátt í tengslum við Vatnaáætlun og kynningu hennar	Umhverfisstofnun í samstarfi við Veðurstofu Íslands	N/A	2020-2022
G	Greining á grunnvatni	Greina grunnvatn í hópa eftir eiginleikum og athuga með enn frekari afmörkun tiltekinnna grunnvatnshlota. Áframhald álagsgreiningar	Veðurstofa Íslands, ásamt samstarfsaðilum	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2021
G	Grunnvatn (heitt vatn) greining og samstarfshópur	Greining á því hvernig heitavatnsauðlindin passar inn í kerfið og hugsanleg líkanagerð	Veðurstofa Íslands ásamt samstarfsaðilum	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022
G	Afmörkun heits grunnvatns í vefsíðu	Breyta gagnalíkaninu í kerfinu til að afmarka grunnvatnsgerðir frekar eftir dýpi	Veðurstofa Íslands	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2024
G	Álagsgreining fyrir mikið breytt vatnshlot	Álagsgreining vatnsaflsvirkjana	Veðurstofa Íslands, ásamt samstarfsaðilum	Gott vistmælin	2021
G	Álagsgreining vatnsformfræðilegs álags mikið breytra vatnshlota- annað en vatnsaflsvirkjanir	Greining á álagi t.d. frá vegagerð, landfyllingum, höfnum o.fl. forsendum vöktunar	Veðurstofa Íslands og Hafrannsóknastofnun ásamt samstarfsaðilum	Gott vistmælin	2024
G	Afla upplýsinga til að meta ástand óvissuvatnshlota sem ekki fara í yfirlitsvöktunina	Mælingar sem þarf að framkvæma til að skera úr um óvissu vegna dreifðrar mengunar í straum og stöðuvötnum.	Hafrannsóknastofnun/ Heilbrigðiseftirlit?	Uppfylla kröfur um álagsgreiningu	2021-2022

G	Ármynni og strandlón	Kortlögð selta og lagskipting í vatnshlotum sem til greina koma sem ármynni/strandlón	Hafrannsóknastofnun	Ljúka afmörkun, skilgreiningu og flokkun í gerðir	2022
G	Gagnagrunnur Vatnagátt	Uppsetning gagnagrunns fyrir niðurstöður vöktunar	Umhverfisstofnun	Uppfylla kröfur laga um stjórn vatnamála um upplýsingakerfi	2020
G	Gagnagrunnur rekstur	Rekstur	Umhverfisstofnun	Uppfylla kröfur laga um stjórn vatnamála um upplýsingakerfi	2020-2028
G	Vatnavefsíða	Rekstur	Veðurstofa Íslands	Uppfylla kröfur laga um stjórn vatnamála um upplýsingakerfi	2020-2028
G	Fagleg ráðgjöf vegna vöktunar líffræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðapátta	Ráðgjöf og verklýsingar	Hafrannsóknastofnun	N/A	2020
G	Fagleg ráðgjöf vegna vöktunar vatnsformfræðilegra gæðapátta	Ráðgjöf og verklýsingar	Veðurstofa Íslands	N/A	2022-2028
	Styrking á ástandsflokkunarkerfinu	Greining og samstarf	Hafrannsóknastofnun, VÍ, NÍ ásamt samstarfsaðilum	Uppfylla kröfur um stjórn vatnamála	2021-2024

Aðgerðaáætlun

Vöktun

	Aðgerð	Hvað þarf að gera	Ábyrgð	Umhverfismarkmið	Hvenær
G	Vöktun grunnvatnshlota	Útfærsla í vöktunaráætlun með tilliti til magnstöðu og efnafræðilegs ástands	Umhverfisstofnun í samstarfi við viðeigandi aðila	Uppfylla kröfur um stjórn vatnamála	2022-2028
G	Vöktun forgangsefna í seti og lífverum	Vinnsla aðferða og verklýsinga.	Umhverfisstofnun í samstarfi við vöktunaraðila í gegnum samninga	Uppfylla kröfur um stjórn vatnamála	2022
G	Vöktun neysluvatns	Samræming vöktunar á neysluvatni skv. neysluvatnsreglugerð. Kortlagning á hvort eitthvað vanti uppá varðandi vöktun á neysluvatni og samræming við kröfur stjórnar vatnamála.	Umhverfisstofnun í samstarfi við MAST og heilbrigðisnefndir	Uppfylla kröfur um stjórn vatnamála	2022-2028

Aðgerðaáætlun

Fræðsla

Tafla 5: Yfirlit yfir aðgerðir er snúa að fræðslu og leiðbeiningum undir stjórn vatnamála.

	Aðgerð	Hvað þarf að gera	Ábyrgð	Umhverfismarkmið	Hvenær
V	Ráðstefnur og málþing um vatnamál og fráveitumál	Fræðsla annað hvort ár	Umhverfisstofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2021-2028
V	Norraen vatnaráðstefna	Fræðsla	Umhverfisstofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022
V	Virkja almenning	Fræðsla - lyfjaleifar	Umhverfisstofnun í samstarfi við viðeigandi aðila	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2021
V	Virkja almenning	Fræðsla – lífrænar varnir	Umhverfisstofnun - Umhverfisstofnun í samstarfi við viðeigandi aðila	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022
V	Samstarfsvettvangur við bændur	Samstarfsvettvangur	Umhverfisstofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022-2028
V	Fræðsla og leiðbeiningar til almennings um umhverfisvænni bílþvott við hús.	Fræðsla	Umhverfisstofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2024

Aðgerðaáætlun

Stjórnsýsla

Tafla 6: Yfirlit yfir aðgerðir er snúa að stjórnsýslu undir stjórn vatnamála.

	Aðgerð	Hvað þarf að gera	Ábyrgð	Umhverfismarkmið	Hvenær
G	Endurskoðun á leiðbeiningum	Uppfylla reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.	Umhverfisstofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2021
G	Gagnagátt	Uppfylla reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri	Umhverfisstofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022-2023
G	Endurskoðun starfsleyfa og vöktunaráætla á vegum Umhverfisstofnunar	Forgangsröðun endurskoðunar starfsleyfa og endurskoðun leyfa	Umhverfisstofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2020 - 2027
G	Endurskoðun virkjana og eða nýtingarleyfa á vegum Orkustofnunar	Greining á því hvort að rétt sé að innleiða kröfur í gegnum virkjana/nýtingarleyfi Orkustofnunar eða í gegnum starfsleyfi HES. Heildræn skoðun og forgangsröðun	Orkustofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022-2028

G	Endurskoðun leyfa á vegum heilbrigðisnefnda	Forgangsröðun endurskoðunar starfsleyfa og endurskoðun starfsleyfa til að innleiða kröfur um stjórn vatnamála.	Heilbrigðisnefndir	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022-2028
G	Greining á reglugerðum sem fjalla um neyslyatn, vatnsvernd og grunnvatn	Skýrari verklagsreglur og ábyrgðarskipting.	Umhverfisstofnun í samstarfi við MAST, heilbrigðisnefndir og Orkustofnun	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2022-2023
G	Endurskoðun reglugerðar um meðhöndlun seyyru	Ljúka endurskoðun á reglugerð.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Viðhalda mjög góðu eða góðu ástandi	2021
V	Hagfræðileg greining vatnsnotkunar	Uppfærsla og endurskoðun á fyrri greiningu með áherslu á stórnotendur.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Uppfylla kröfur um stjórn vatnamála	2023
V	Nefnd um vatnsnotkun	Nefnd fer yfir hagfræðilega greiningu og skilar af sér tillögum um mögulegar aðgerðir	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Uppfylla kröfur um stjórn vatnamála	2024

Könnun á áhrifum loftslagsbreytinga á aðgerðir

Við könnun á áhrifum loftslagsbreytinga á fráveituframkvæmdir þarf að:

- Taka mið af líklegum áhrifum loftslagsbreytinga þegar aðgerðir eru skipulagðar. Leggja þarf mat á hvort þessar aðgerðir verði ennþá árangursríkar þrátt fyrir loftslagsbreytingar.
- Velja aðgerðir sem eru líklegar til árangurs og sveigjanlegar hvað varðar framtíðaróvissu. Útfæra skal aðgerðir með tilliti til mats á álagi og framreiknaða losun gróðurhúsalofttegunda.
- Velja aðgerðir sem hafa minnst neikvæð umhverfisáhrif meðal annars hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

Aðeins aðgerðir sem geta staðist loftslagsbreytingar og valda ekki neikvæðum loftslagsáhrifum ættu að standast athugun á loftslagsáhrifum.

Verið er að vinna að greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda vegna aukinnar söfnunar seyrju en þar verða áskoranir t.d. vegna nýtingar seyrunnar og meðhöndlunar hennar.

Vöktunaráætlun

Vöktun skv. vöktunaráætlun á að tryggja vitneskju um ástand vatns á landinu, kortleggja langtímabreytingar og stuðla að áreiðanlegu mati á álagi á vatnsauðlindina. Henni er auk þess ætlað að varpa ljósi á áhrif nauðsynlegra aðgerða sem kann að þurfa að grípa til. Hún byggir að talsverðu leyti á þeirri álagsgreiningu sem gerð var árið 2013 og mun taka breytingum í samræmi við breytingar á henni.

Einnig hafa fagstofnanir komið að vali á vatnshlotum til vöktunar viðmiðunarvatnshlota og vatnshlota til að þróa aðferðir og styrkja ástandsflokkunarkerfið.

Vöktun fer fram á vegum ríkis og sveitarfélaga í einhverjum tilvikum en einnig í gegnum leyfi þeirra fyrirtækja sem nýta vatnsauðlindina

Hvað verður vaktað?

Umfangsmikið verkefni til framtíðar en áætlað er að vakta um 37 vatnshlot samkvæmt vöktunaráætlun.

YFIRBORÐSVATN

- Vistfræðilegir gæðapættir (líffræðilegir og eðlisefnafræðilegir eiginleikar)
- Efnafræðilegir þættir (forgangsefni)
- Vatnsformfræðilegir gæðapættir í einhverjum tilvikum

GRUNNVATN


Efnafræði

Magnstaða

Vöktun á forgangsefnum hefur nú þegar farið fram og auk þess hefur vöktun í Mývatni og Þingvallavatni hafist. Skimun lyfjaleifa og varnarefnum hefur einnig verið framkvæmd tvisvar sinnum.


Strandsjór

Gerð vatnshlats	Númer vatnshlats	Heiti vatnshlats	Vöktunarnet
Strandsjór			
CS2152	104-1389-C	Þorlákshöfn að Svörtuloftum	1, 3, 7
CN1152	101-1338-C	Horn að Hvanndölum	1, 2, 3, 7
CN1352	101-1319-C	Steingrímsfjörður	1, 3, 7
CS2352	104-1316-C	Álftárós	1, 3, 7
CS2352	104-1303-C	Innri Sund - Elliðaárvogur - Grafarvogur	1, 3, 4
CS2152	104-1379-C	Straumsvík-Kjalarnes	1, 2, 3, 4
CN1352	102-1321-C	Eyafjarðarbotn	1, 3, 4
CN1352	101-1282-C	Skutulsfjörður innri	1, 3, 4




Stöðuvötn

Stöðuvötn			
LL1	101-1324-L	Vatnshlíðarvatn	1, 3, 7
LL2	104-2386-L	Tjörninn	3, 5
LL2	102-1448-L	Mývatn	2, 3, 4, 5, 6
LL2	102-1427-L	Svartárvatr	1, 3, 7
LL2	102-1565-L	Ytra Deildarvatn	1, 3, 7
LL2	103-2069-L	Eystra-Gíslholtsvatn	1, 3, 7
LL2	103-2058-L	Skúmsstaðavatn	1, 3
LL3	101-647-L	Haukadalsvatn	1, 3, 7
LL4	104-2232-L	Pingvallavatn	2, 3, 4, 5, 6
LL4	103-2191-L	Stóra-Fossvatr	1, 3, 7
LL4	102-1463-L	Másvatn	1, 3, 7
LH1	102-1899-L	Gílsárvatr-ytra	1, 3, 7
LH2	103-2033-L	Langisjór	1, 3, 7
LG	103-2262-L	Hvítárvatr	1, 3, 4, 7




Straumvötn

Straumvötn			
RL1	101-291-R	Krossá	1, 3, 7
RL2	104-581-R	Kópavogslækur?	5
RL2	103-837-R	Stóra-Laxá 1	1, 3, 7
RL2	102-1590-R	Svartá	1, 3, 7
RL2	104-619-R	Ellidáar	1, 3, 5
RL3	104-200-R	Norðurá 1	1, 3, 7
RL3	102-1329-R	Selá 1	1, 3, 7
RL4	103-623-R	Blautakvísl 1	1, 3, 7
RH1	102-1249-R	Fellsá	1, 3, 7
RH2	103-761-R	Stóra-Laxá 3	1, 3, 7
RH3	102-1189-R	Bessastaðaá 2	1, 3, 7
RG	101-1570-R	Vestari-Jökulsá 1	1, 3, 7



Grunnvatn

Grunnvatn			
Á ekki við	104-261-2-G	Stór-Reykjavík	2
Á ekki við	104-115-2-G	Rosmhvalanes 2	2, 3
Á ekki við	104-250-2-G	Skjaldbreiður	2



Tengsl vatnaáætlunar og rammaáætlunar

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd.

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) er ætlað að stuðla að því að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi. Í áætluninni er leitast við að taka tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta sem og hagsmuna þeirra sem nýta þessi gæði. Skal áætlunin vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun en markmið áætlunarinnar er að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Áframhaldið

Tímalínan

Opinber kynning í desember

6 mánuðir til að gera athugasemdir

Aðgerðir útfærðar

Unnið úr athugasemdum

Vinna vatnaráðs

Gildistími frá byrjun árs 2022